

Opinn skógur

Markmið verkefnisins er að opna skógræktarsvæði þar sem aðstaða og aðgengi verður til fyrirmyndar. Lögð er áhersla á upplýsingar, þannig að gestir fræðist um lífríki, náttúru og sögu viðkomandi svæðis.



Með öflugum stuðningi opnast spennandi áningarsvæði fyrir almenning.

Open forest

The goal of the project is to open forests and forestry sites to public recreation, by setting up recreation facilities and providing educational information on the nature and history of each forest.


GÖNGUM VEL UM GRÓIÐ LAND
TREAD LIGHTLY - DON'T LITTER

Velkomin í skóginn

Welcome to the forest

-  **Gönguleið (2,5 km)**
Hiking path (2,5 km)
 -  **Gönguleið (2,1 km)**
Hiking path (2,1 km)
 -  **Gönguleið (1,1 km)**
Hiking path (1,1 km)
 -  **Skógarstigur**
Forest trail
 -  **Slóði**
Trail
 -  **Borð og bekkir**
Picnic area
 -  **Bilastæði**
Parking
 -  **Upplýsingar**
Information
 -  **Áhugaverður staður**
Place of interest
 -  **Útsýni**
Viewpoint
 -  **Sumarhús**
Cottage

Skógræktarfélag Íslands - The Icelandic Forestry Association
Sími/Tel.: 551-8150, skoq@skoq.is, www.skoq.is



Fossá

Skógræktarfélag Kópavogs, Kjalarness, Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps

Fornar heimildir geta þess að talsverður skógur hafi verið að Fossá fyrir á tímum. Hann var notaður til eldiviðar og kolagerðar og hrossum og öðrum búfénaði var einnig beitt í skóginum að vetrarlagi. Enn er talsverður náttúrulegur birkiskógur að Fossá, austan ár. Sama á við um Botnsdal, Brynjudal og Vindáshlið.

Árið 1972 keyptu Skógræktarfélag Kjósarsýslu og Skógræktarfélag Kópavogs jörðina Fossá í Kjós. Átti hvort félag sinn helming. Eignarhaldið hefur breyst þannig að Skógræktarfélag Kópavogs á enn hálfra jörðina en hinn hlutinn hefur skipst upp milli skógræktarfélaganna í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjósarhreppi.

Jörðin er 1100 hektarar. Náttúrulegi birkiskógurinn austan ár hefur vaxið og dafnað þau ár sem liðin eru síðan félögin eignuðust jörðina og alls hafa á þeirra vegum verið gróðursettar um 900.000 plöntur þessa fjóra áratugi. Ríkjandi tegundir í gróðursetningunni eru greni, fura og birki. Skógrækt ríkisins kom upp asparlundi í tilraunaskyni 1990 og þar má sjá hvernig ýmsum afbrigðum aspá vegnar í landinu.

Núverandi eigendur, skógræktarfélagin fjögur, stofnuðu árið 2001 rekstrarfélag um skógræktina á jörðinni og aðrar framkvæmdir þar, svo sem stigagerð og lagningu vega í skóginum. Þetta rekstrarfélag nefnist Fossá, skógræktarfélag. Það hefur einkum tekjur af sölu jólatrjáa, en á seinustu árum hefur sala á skógarviði til margvíslegra nota einnig komið til. Þá hefur félagið staðið fyrir ræktun jólatrjáa á gömlum túnum sem komin voru í órækt.

Pegar félögin eignuðust jörðina 1972 var vestan ár stórt og gott tún og beitiland en enginn skógur. Fyrri eigandi jarðarinnar, Björgvin Guðbrandsson, brá búi 1978 en var til heimilis að Fossá þar til hann lést 1986. Hann var hlynntur skógrækt á jörðinni og og sá fyrir að hún væri í „góðum höndum“ til slíkrar starfsemi.

Fossárjörðin er að náttúru skjólgott svæði og hinn mikli skógur sem hér vex eykur enn á það. Svæðið hefur margt að bjóða auk náttúrufegurðar og útsýnis. Hér er einstök kræklingafjara undan Fossárósum, berjaland er hér með því besta sem gerist á góðum berjasumrum og sjálf Fossáin með fossum og flúðum og Kálfadalurinn eru mikil náttúruprýði. Þá eru gönguleiðir að Vindáshlið og Reynivöllum (Gíslagata) greiðfærar frá Fossá. Botnsúlur og Hvalfell sjást vel frá Fossá og draga að sér göngufólk og handan Hvalfjarðar er Skarðsheiðin og Saurbær á Hvalfjarðarströnd. Ekki má gleyma okkar næsta nágretta; jörðin Hvítanes liggur að Fossá og þar eru stríðsáraminjar enn sýnilegar.

Fossá, skógræktarfélag býður gesti og gangandi velkomin að Fossá.

Kópavogur, Kjalarnes, Mosfellsbær and Kjósarhreppur Forestry Associations

The farm Fossá was bought in 1972 by the Kópavogur and Kjósarsýsla Forestry Associations (Kjósarsýsla was later split into three associations; Mosfellsbær, Kjalarnes and Kjósarhreppur). The farm is 1100 hectares in size. Records show that Fossá had considerable forests in the past, used for firewood and grazing in the winter. The associations have planted around 900.000 trees, mostly spruce, fir and birch. The native birch forest on the farm has also thrived. The four forestry associations established an operating company, Fossá skógræktarfélag, to handle forestry on the farm. The main sources of income are Christmas tree sales and in recent years timber for various uses. The forest of Fossá is a great recreational spot, with varied scenery, waterfalls and excellent berry-picking spots. It is also close to various popular recreation sites.